

Leiksmýning þessi er þriðja verkefni Leikfélags Hofssóss frá því að það var stofnað. Þegja má, að það hafi verið stofnað á grunnni leikfélags, sem stofnað var og starfaði fyrir um 25 árum áður. Áður hafði þó um langan aldur verið haldið uppi leikstarfsemi af áhugafélki í byggðarlaginu. Væri vissulega fróðlegt, ef einhver vildi safna saman tiltækum heildum um þá starfsemi meðan enn er tími til.

Hið fyrra Leikfélag Hofssóss var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 1950 - sama dag og Þjóðleikhúsið var vígt. Líklega er það engin tilviljun að stofnun félagsins skuli bera upp á vígslundag þjóðleikhússins. Um það segir svo í leikskrá, sem félagið gaf út: "Ef til vill er það tákrunæmt um þann hug, sem almenningur í landinu ber til þeirrar stofnunar, og um þær vonir, sem áhugamenn um leikstarf úti á Landbyggðinni hafa bundið við starfsemi þjóðleikhússins." Þnda er það eitt af markmiðum þjóðleikhússins að styrkja og aðstoða áhugafélk um leiklist um landið allt. Um sama leitti var stofnað Bandalag Íslenskra Leikfélaga í sama tilgangi. Hafa báðar þessar stofnanir náð lofsverðum árangri í starfi sínu. Óþekk leikfélagið í B.Í. L. strax við stofnun.

Um tilgang og starf félagsins segir svo í áður nefndri leikskrá: "Tilgangurinn með stofnun og starfi félagsins er að styðja og efla heilbriggt skemmtanalið á félagssvæðinu og skapa meðlimum sínum tækifæri til að sinna áhugamálu sínum á sviði leikstarfsemi í tómstundum sínum. Grundavallarskilyrði þess að tilgangi félagsins verði ná, er að upp komist hér í Hofssósi viðnandi hús til hverskonar skemmtana- og félagslífs. Þess vegna hljóttum við fyrst og fremst að beina kröftum okkar í samvinnu við önnur félagssamtök í byggðarlaginu - að byggingu myndarlegs félagsheimilis." Enda áttu forystumenn félagsins drjúgan þátt í undirbúningi að byggingu hins nýja félagsheimilis, þegar þar að kom, og lagði til þess þann litla sjóð sem það átti.

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu: Þorsteinn Hjálmarsson, formaður, Björn Jónsson bæ, ritari og Kristján Hallsson, gjaldkeri. Var stjórnin óþreytt meðan félagið starfaði að öðru leyti en því, að á næsta ári hvarf Björn úr stjórninni, en Sigmundur Baldvinsson kom í staðinn.

Fyrsta verk félagsins var að sýna síðla árs 1950 sjónleikinn " Á hælinau" ( Dvölin hjó Schöler ) eftir Carl Laufs. Var leikurinn sýndur þrisvar og sýningarrestir um 280. Veturinn 1951 hélt félagið kvöldskemmtun með söng og dansi og sýndi þá tvo leikþætti: "Á þriðju hæð" eftir Vilhelm Mejo og " Samþýllismenn" eftir L. Gregory.

Veturinn 1952 var sýndur sjónleikurinn " Draugalestin " eftir Arnold Ridley. Voru þrjár sýningar og áhorfendur 250.

Næsta ár var sýndur sjónleikurinn " Góðir eiginnemni sofa heima " eftir Walter Willis. Var leikurinn sýndur þrisvar sinnum og voru áhorfendur um 320.

Við allar þessar sýningar var Forsteinn Hjálmarsson leiðbeinandi um uppsetningu og leikmynd.

Allt fór þetta starf fram í gamla samkomuhúsinu Skjaldborg, sem þá var eign U.M.F. Höfðstrendings. En þegar hér er komið sögu var húsið selt og það tekið til annara og óskýlora nota. Þar með var brostin grundvöllurinn undir starfi félagsins, og lagðist það því niður. Hinir gömlu félagar beittu sér svo fyrir stofnun núverandi leikfélags Hofsóss fljótlega eftir að hið nýja og myndarlega félagsheimili í Hofsósi var komið upp. Ekki verður annað sagt en að hið nýja leikfélag fari vel af stað, og er það ósk okkar og von, að starf þess megi blessast og blómgrvast um langa framtíð.

P. H.